

Sp.

620. Breytingartillögur

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1953.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 22. gr. II. Nýr liður:

Að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.

2. Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast lán vegna togarautgerðar fyrir bæjarfélögin á Akranesi, Siglufirði, Seyðisfirði, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum, ef óhjákvæmilegt þykir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur togaranna á þessum stöðum, þó eigi hærri lánsábyrgð en sem nemur 500 þús. kr. fyrir hvert skip, eða samtals 4½ millj. kr., enda séu þær tryggingar settar fyrir ábyrgðunum, er ríkisstjórnin metur gildar, og uppfyllt þau skilyrði, er ríkisstjórnin setur.